

**Ed.**

**285. Frumvarp til laga**

[54. mál]

um breyting á lögum nr. 48. 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti, áður en hafizt er handa um byggingu, að skólalóðin sé eign viðkomandi skólahverfis eða skólahverfa, eða afnotarétturinn tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi, og að fé sé veitt til skólabygginga í fjárlögum, enda hafi fræðslumálastjórnin ákveðið framlag til viðkomandi skólabygginga af því fé.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.